



Borgarráð

Reykjavík, 24. júní 2026

MSS26060171

Hagræðinga- og breytingatillögur á stjórnskipulagi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Lagt er til að borgarráð samþykki að gera breytingar á stjórnskipulagi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara, frá og með 1. júlí 2026, í samræmi við markmið stýrihóps um hagræðingu og innleiðingu breytinga hjá Reykjavíkurborg, sem eru að gera stjórnsýslu Reykjavíkurborgar skilvirkari, gagnsærri og þjónustumiðaðri, draga úr kostnaði við yfirbyggingu og nýta fjármuni borgarinnar betur. Þetta er jafnframt í samræmi við verkefnalista í meirihlutasáttmála Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks. Tillögurnar eru eftirfarandi:

1. Stefnumótunar- og þróunarteymi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði lagt niður og helstu verkefnum eins og rannsóknarþjónustu, verkefnastýringu lýðheilsamála og Græna planinu hætt. Öll störf nema tvö verða lögð niður. Verkefni atvinnuþróunar færast til umhverfis- og skipulagssviðs og ytri nýsköpunar til þjónustu- og nýsköpunarsviðs. Samhæfing stefnumótunar, persónuvernd og alþjóðamál verði áfram á skrifstofunni en þróuð áfram. Sjá nánari útfærslu í greinargerð.
2. Skrifstofa samskipta og viðburða verði lögð niður. Öll störf þ.m.t. starf skrifstofustjóra samskipta og viðburða verði lögð niður að undanskildum þremur störfum sem sinna viðburðarhaldi borgarinnar sem verði færð til menningar- og íþróttasviðs og starfi hjá Mixtúru sem færast til skóla- og frístundasviðs. Verkefnum verð útvistað og í framhaldinu verði byggt upp fagteymi með hæfni á sviði stafrænnar markaðssetningar, samfélagsmiðlastjórnunar og gagnadrifinnar ákvarðanatöku í samskiptamálum. Sjá nánari útfærslu í greinargerð.
3. Mannréttindaskrifstofa verði lögð niður og helstu verkefni færð til borgarráðs, velferðarsviðs, skóla- og frístundasviðs, skrifstofu borgarstjórnar, forsætisnefndar og mannauðs- og starfsumhverfissviðs. Jafnframt verði mannréttindaráð lagt niður og borgarráð fer framvegis með með jafnréttismál sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 151/2020, um stjórnsýslu jafnréttismála. Lögbundin verkefni verði áfram tryggð. Tvö störf verða lögð niður. Öldunga- og notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík taki við hlutverki öldungaráðs samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra, auk hlutverks samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Sjá nánari útfærslu í greinargerð.

Greinargerð:

Megintilgangur skipulagsbreytinganna er að hagræða í rekstri, einfalda stjórnskipulag, fækka verkefnum og færa þau sem eftir verða nær þeirri þjónustu sem þau tengjast. Saman dregið munu tillögurnar hafa áhrif á 27 stöðugildi af 41,8 á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og undirskrifstofunum tveimur, þ.e. skrifstofu samskipta og viðburða og



Reykjavík



mannréttindaskrifstofu. Alls verða níu störf færð á milli sviða/skrifstofa og fylgja þau m.a. lögbundnum verkefnum. Fækkað verður um 18 störf en á móti er gert ráð fyrir að ráða í, 6-7 ný störf, eftir því sem skipulagsbreytingum vindur fram. Áætlað er að breytingarnar leiði til lækkunar rekstrarkostnaðar fyrir skrifstofu borgarstjóra og borgarritara ásamt undirskrifstofunum tveimur um 280 til 330 m.kr. á ársgrundvelli þegar innleiðingu er að fullu lokið.

Hér verði farið nánar yfir útfærslur á hagræðingar- og breytingatillögunum.

1. Nýtt stjórnskipulag á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Lagt er til að farið verði í eftirfarandi breytingar á stjórnskipulagi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

- a) Stefnumótunar- og þróunarteymi verði lagt niður og öll störf nema tvö lögð niður.
- b) Helstu verkefni stefnumótunar- og þróunarteymisins eins og rannsóknarþjónusta, verkefnastýring lýðheilsamála og Græna planið verði lögð niður.
- c) Atvinnuþróun færist til umhverfis- og skipulagssviðs og ytri nýsköpun til þjónustu- og nýsköpunarsviðs þar sem innri nýsköpun er þegar fyrir hendi.
- d) Verkefnastjórnun, samhæfing stefnumótunar, persónuvernd og alþjóðamál verði áfram á skrifstofunni en þróuð áfram í takt við breyttar áherslur.

Markmið tillögunnar er að hagræða og fækka ólögbundnum verkefnum, gera stjórnsýslu skilvirkari og þannig draga úr kostnaði við yfirbyggingu og nýta fjármuni borgarinnar betur. Það er gert í samræmi við verkefnalista í meirihlutasáttmála Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks þar sem segir: „Við ætlum ... [að] ráðast í skipulagsbreytingar á skrifstofu borgarstjóra.“

Mikilvægt er að áfram verði unnið að frekari þróun á starfsemi skrifstofunnar. Þótt verkefnum fækki verður lykilhlutverk hennar eftir sem áður að þjónusta borgarstjóra, undirbúa borgarstjóratillögur fyrir borgarráð og önnur fagråd ásamt úrvinnslu og eftirfylgni mála sem skrifstofunni er falið, ábyrgð á svörum, utanumhaldi og eftirfylgni erinda sem berast úr stjórnkerfi borgarinnar. Jafnframt eftirfylgd á persónuverndarstefnu í samræmi við ákvæði laga og ábyrgð og umsjón með neyðarstjórn og gerð viðbragðsáætlana ásamt ýmsu fleiru.

Fjárhagsleg áhrif: Samkvæmt fjárhagsáætlun 2026 voru áætluð 19,9 stöðugildi á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fjárheimildir skrifstofunnar voru 484,2 m.kr. Með því að leggja niður teymi stefnumótunar- og þróunar ásamt fleiri breytingum er áætlað að hagræðingin muni nema um 80-100 m.kr. á ári þegar fullri innleiðingu er náð. Nákvæmari fjárhagsleg útfærsla verður lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar.

2. Nýtt skipulag samskipta og viðburða

Lagt er til að farið verði í eftirfarandi breytingar á stjórnskipulagi samskipta og viðburða:

- a) Skrifstofa samskipta og viðburða verði lögð niður. Starf skrifstofustjóra samskipta og viðburða og önnur störf á skrifstofunni verði lögð niður að



- undanskyldum störfum í viðburðarteymi sem færast til menningar- og íþróttasviðs og starfi hjá Mixtúru sem færast til skóla- og frístundasviðs.
- b) Verkefnum verði útvistað og í kjölfarið verði byggt upp sérhæfðara fagteymi en áður með sérstaka hæfni á sviði stafrænnar miðlunar, stafrænnar markaðssetningar, samfélagsmiðlastjórnunar og gagnadrifinnar ákvarðanatöku í samskiptamálum til að auka skilvirkni og árangur í upplýsingamiðlun og bæta aðgengi íbúa að upplýsingum. Teymið verði því stuðningur við fagsvið borgarinnar á þessu sviði. Þá verði lögð áhersla á ímyndarmál. Áherslubreytingin felur í sér að Reykjavíkurborg sinni upplýsingaskyldu sinni gagnvart íbúum með markvissari hætti því íbúar gera kröfu um skýra, aðgengilega og persónusniðna upplýsingagjöf fremur en almennar tilkynningar.
- c) Verkefnum samskiptamála verði útvistað í meira mæli en áður til að tryggja að árangur náist með sérhæfðri nálgun á hverjum tíma.

Markmið tillögunnar er að hagræða, leggja niður störf upplýsingafulltrúa, útvista verkefnum að hluta og byggja upp í staðinn sérhæfðara fagteymi með sérstaka hæfni á sviði stafrænnar miðlunar, stafrænnar markaðssetningar, samfélagsmiðlastjórnunar og gagnadrifinnar ákvarðanatöku í samskiptamálum. Það er gert í samræmi við verkefnaalista í meirihlutasáttmála Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks þar sem segir: „Við ætlum ... [að] ráðast í skipulagsbreytingar á skrifstofu borgarstjóra.“

Mikilvægt er að skipulag samskiptamála hjá Reykjavíkurborg taki mið af þeirri öru þróun sem á sér stað í samfélaginu þar sem aukin krafa er um gagnadrifna miðlun. Samanburðarannsóknir á opinberum samskiptum benda til að íbúar geri í auknum mæli kröfu um hraðari viðbrögð í rauntíma, gagnvirk samskipti fremur en einhliða tilkynningar og sérsniðna og aðgengilega upplýsingagjöf. Með því að færa áhersluna yfir í sérhæfðara teymi með djúpa þekkingu á markaðs- og samfélagsmiðlum og með útvistun verkefna er unnt að auka sveigjanleika, skilvirkni og árangur í miðlun, ná betur til íbúa á þeim vettvangi sem þeir nota og styrkja traust og gagnsæi.

Fjárhagsleg áhrif: Samkvæmt fjárhagsáætlun Reykjavíkurborgar 2026 voru áætluð 14,8 stöðugildi á skrifstofu samskipta og viðburða og fjárheimildir skrifstofunnar voru 441,8 m.kr. Með því að leggja skrifstofuna niður og byggja upp nýtt stjórnskipulag samskiptamála frá grunni með helmingi færri störfum er áætlað að hagræðing um 90-120 m.kr. á ári þegar að fullri innleiðingu kemur. Nákvæmari fjárhagsleg útfærsla verður lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar.

3. Nýtt stjórnskipulag mannréttinda-, jafnréttis- og samráðsmála

Lagt er til að farið verði í eftirfarandi breytingar á stjórnskipulagi mannréttinda-, jafnréttis- og samráðsmála Reykjavíkurborgar:

- a) Mannréttindaráð Reykjavíkurborgar verði lagt niður.
- b) Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar verði lögð niður.
- c) Borgarráð fari með jafnréttismál sveitarfélagsins samkvæmt lögum nr. 151/2020 um stjórnýslu jafnréttismála og hafi jafnframt yfirstjórn mannréttinda- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar.
- d) Öldunga- og notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík taki við hlutverki öldungaráðs samkvæmt lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um málefni aldraðra, auk hlutverks samráðshóps um málefni fatlaðs fólks samkvæmt



- lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga og lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Ráðið verður vistað á velferðarsviði sem ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana öldunga- og notendaráðs.
- e) Verkefni sem snúa að málefnum innflytjenda og fólks af erlendum uppruna, aðgerðum gegn ofbeldi og rekstri og þátttöku Reykjavíkurborgar í verkefnum Saman gegn ofbeldi og Bjarkarhlíð verði færð til velferðarsviðs og velferðarráðs.
 - f) Velferðarsviði verði falið að sinna samráði við samtök fólks af erlendum uppruna og haldi fjölmeningarþing að minnsta kosti annað hvert ár.
 - g) Verkefni sem snúa að hinsegin fræðslu, stuðningi við hinsegin börn og ungmenni og annarri sértækri fræðslu verði færð til skóla- og frístundasviðs. Jafnréttisskólinn verði faglegur vettvangur verkefnanna.
 - h) Samhæfing mannréttinda- og jafnréttisstefnu Reykjavíkurborgar, samskipti við önnur sveitarfélög á sviði mannréttinda- og jafnréttismála og samskipti við hagsmunasamtök verði færð til skrifstofu borgarstjórnar. Þá færast jafnréttismál sem varða starfsfólk Reykjavíkurborgar til mannauðs- og starfsumhverfissviðs.
 - i) Verkefnið Öruggir skemmtistaðir færast til samstarfshóps um málefni miðborgarinnar eða á annan viðeigandi stað og erindisbréf hópsins endurnýjað.
 - j) Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar verði falin forsætisnefnd.
 - k) Styrkir mannréttindaráðs verði lagðir niður og þau verkefni sem áfram verða styrkt taki þátt í almennum styrkjum viðkomandi fagsviða.
 - l) Forsætisnefnd verði falið að vinna nauðsynlegar breytingar á samþykktum ráða, reglum og erindisbréfum sem leiða af framangreindum breytingum og leggja fyrir borgarráð og borgarstjórn til staðfestingar.
 - m) Starf mannréttindastjóra færast til skrifstofu borgarstjórnar í breyttri mynd. Tvö störf verða lögð niður.

Markmið tillögunnar er að færa verkefni nær þeirri þjónustu sem þau tengjast og styrkja framkvæmd þeirra innan fagsviða borgarinnar. Það er gert í samræmi við verkefnalista í meirihlutasáttmála Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks en þar segir: „*Við ætlum færa nauðsynleg verkefni mannréttindaskrifstofu yfir á velferðarsvið og ráðast í skipulagsbreytingar á skrifstofu borgarstjóra.*“

Á undanförunum árum hafa verkefni mannréttindaráðs og mannréttindaskrifstofu orðið sífellt fjölbreyttari og ná nú yfir málefni aldraðra, fatlaðs fólks, innflytjenda, jafnréttismál, ofbeldisvarnir, hinsegin málefni, fræðsluverkefni og ýmis samráðsverkefni. Mörg þessara verkefna tengjast þó með beinum hætti grunnþjónustu sem veitt er á velferðarsviði, skóla- og frístundasviði eða á vettvangi miðlægrar stjórnarsýslu.

Með tillögunni eru lögbundin verkefni áfram tryggð. Borgarráð mun fara með jafnréttismál sveitarfélagsins samkvæmt lögum um stjórnarsýslu jafnréttismála. Þá verður stofnað öldunga- og notendaráð fatlaðs fólks í Reykjavík sem sinnir því lögbundna samráðs- og ráðgjafahlutverki sem sveitarfélögum er skylt að hafa gagnvart eldra fólki og fötluðu fólki.

Verkefni sem snúa að þjónustu við innflytjendur, aðgerðum gegn ofbeldi, Bjarkarhlíð og skyldum verkefnum verða færð til velferðarsviðs þar sem sérþekking og dagleg þjónusta við viðkomandi hópa er veitt. Með sama hætti verða verkefni sem snúa að hinsegin fræðslu og stuðningi við börn og ungmenni færð til skóla- og frístundasviðs þar sem notendur þjónustunnar eru. Það er gert í samræmi við verkefnalista í meirihlutasáttmála Sjálfstæðisflokks, Viðreisnar og Framsóknarflokks þar sem segir: „*Við ætlum að styðja hinsegin fræðslu í grunnskólum og tryggja stuðning við hinsegin nemendur.*“





Tillögurnar fela því ekki í sér að dregið sé úr mikilvægi mannréttinda-, jafnréttis- eða aðgengismála heldur að ábyrgð á þeim verði færð nær þeim vettvangi þar sem þjónustan er veitt og ákvarðanir teknar.

Fjárhagsleg áhrif: Samtals flytjast fjárheimildir að fjárhæð 160,6 m.kr. frá mannréttindaskrifstofu til annarra sviða vegna flutnings verkefna. Aðrar fjárheimildir MAR verða fluttar á liðinn ófyrirséð. Tvö stöðugildi verða lögð niður. Áætlað er að breytingarnar leiði til lækkunar rekstrarkostnaðar miðlægrar stjórnsýslu um allt að 120 m.kr. á ársgrundvelli þegar fullri innleiðingu er lokið. Nákvæmari fjárhagsleg útfærsla verður lögð fram við gerð fjárhagsáætlunar og með sérstökum tilfærslum fjárheimilda milli sviða.

Hildur Björnsdóttir
borgarstjóri



Reykjavík